

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

261. FUNDUR.

261. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 10. nóvember 2015 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir oddviti, Elín Jóna Rósinberg varaoddviti, Elín R. Líndal aðalmaður, Ingimar Sigurðsson aðalmaður, Gunnar Þorgeirsson aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir aðalmaður og Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri
Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Oddviti setti fund.

1. Fundargerðir byggðarráðs, formaður kynnti.

Fundargerð 883. fundar aukins byggðarráðs, frá 15. október sl. Fundargerð í einum lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 884. fundar frá 26. október sl. Fundargerð í 15 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 885. fundar aukins byggðarráðs frá 2. nóvember sl. Fundargerð í 2 liðum Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 886. fundar frá 2. nóvember sl. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 887. fundar aukins byggðarráðs frá 3. nóvember sl. Fundargerð í einum lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 888. fundar aukins byggðarráðs frá 9. nóvember sl. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 164. fundar frá 21. október sl. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 165. fundar frá 4. nóvember sl. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð landbúnaðarráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 135. fundar frá 4. nóvember sl. Fundargerð í 3 liðum.

Lögð fram eftirfarandi bókun við 3. dagskrárlið “ Sveitarstjórn Húnaþings vestra tekur undir eftirfarandi bókun landbúnaðarráðs um eigendastefnu þjóðlendna.” Eigendastefna fyrir þjóðlendum, verkefnalýsing.

Landbúnaðarráð Húnaþings vestra tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkefnalýsingu eigendastefnu fyrir þjóðlendum dags. 9. október 2015. Landbúnaðarráð

leggur sérstaka áherslu á að fyrirhuguð stefna endurspegli vilja ríkisins til þess að eiga gott samráð við viðkomandi sveitarstjórnir. Þetta á ekki aðeins við um ákvarðanir sem lúta að leyfisveitingum heldur einnig ákvörðunum um aðgengi að einstökum svæðum, mögulega gjaldtöku fyrir nýtingu o.s.frv.

Þá áréttar Landbúnaðarráð Húnaþings vestra, hvað varðar hlunnindi, að um leyfi til nýtingar á grundvelli laga nr. 58/1998 sé að ræða. Leyfisveitingar samkvæmt skipulagslögum og mannvirkjalögum verði eftir sem áður á hendi sveitarstjórna þannig að breytingin hafi engin áhrif á skipulagsvald sveitarfélaga.

Að auki leggur Húnaþing vestra áherslu á að ríkið taki landeigandahlutverk sitt alvarlega og uppfylli þær kröfur sem á landeigendur eru settar s.s. viðhald/uppsetning girðinga og viðhald vega/vegslóða. Með það meðal annars í huga að koma í veg fyrir utanvega akstur og sinna sauðfjárveikivörnum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð Skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti

Fundargerð 259. fundar frá 5. nóvember sl. fundargerð í 5 liðum.

1. dagskrárliður erindi 1510077 borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

3. dagskrárliður erindi 1510080 borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum

4. dagskrárliður erindi 1511005 borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

5. dagskrárliður erindi 1511011 borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

Aðrir dagskrárliðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Fjárhagsáætlun ársins 2016 ásamt 3ja ára áætlun fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og undirfyrirtæki. Fyrri umræða.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa framlagðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 ásamt 3ja ára áætlun fyrir árin 2017-2019 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og undirfyrirtæki til síðari umræðu í sveitarstjórn þann 26. nóvember nk. kl:15:00 “ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

7. Gjaldskrár.

Álagning útsvars, skatta og gjaldskrár ársins 2016.

Lögð fram svohljóðandi tillaga um álagningu fasteignagjalda og útsvars árið 2016.

Útsvar	14,52%	
Fasteignaskattur A-gjald	0,38%	af fm. húss og lóðar
Fasteignaskattur B-gjald	1,32%	af fm. húss og lóðar
Fasteignaskattur C-gjald	1,30%	af fm. húss og lóðar
Lóðarleiga, almennt gjald	7,77	kr. pr. m ²
Lóðarleiga, ræktað land	1,07	kr. pr. m ²

Holræsagjald	0,25%	af fm.húss og lóðar
Vatnsskattur	0,31%	af fm. húss og lóðar
Aukavatnsskattur	14,00	kr. m ³

Hreinsun rotþróa:
0-2000 lítra 7.194 kr. pr. þró

2001-4000 lítra	8.609 kr. pr. þró
4001-6000 lítra	10.260 kr. pr. þró
6001 lítra og stærri	2.712 kr. pr. m ³

Sorpgjald á íbúðarhúsnæði, regluleg sorphirða	kr. 29.800
Sorpgjald á lögbyli í rekstri, þar sem ekki er hirt sorp	kr. 19.300
Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir og íbúðir í dreifbýli þar sem ekki er hirt sorp	kr. 14.600
Sorpgjöld fyrirtækja í fyrrum Bæjarhreppi/skv.lista svstj.	

Lóðarleigu og fasteignaskatt skv. A-B-og C gjaldi skal innheimta frá fyrstu skráningu hjá Fasteignamatí ríkisins, en holræsagjald, vatnsskatt og sorpgjöld skal innheimta frá þeim tíma að fasteign hefur verið skráð með byggingarstig 4

Gjalddagi gjalda undir kr. 17.000 er 1. maí
 Gjalddagar gjalda á bilinu kr. 17.000 til 30.000 eru 1. apríl og 1. júlí
 Aðrir gjalddagar eru 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí og 1. ágúst

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Reglur um afslátt fasteignaskatts til elli- og örorkulífeyrisþega.

Lögð fram eftirfarandi tillaga **Reglur um afslátt af fasteignaskatti til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega eru vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Húnaþingi vestra. Afslátturinn er tekjutengdur og miðaður við árstekjur skv. nýjasta skattframtali, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjur. og tekur einungis til fasteignaskatts.**

Tekjuviðmiðun:

Fyrir einstaklinga:

- Með heildartekjur allt að kr. 3,100.000 fær 100% afslátt
- Með tekjur umfram kr. 4.300.000 enginn afsláttur

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:

- Með heildartekjur allt að kr. 4.300.000 fær 100% afslátt
- Með heildartekjur umfram kr. 5.800.000 enginn afsláttur.

Ef tekjur eru skv. framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur

1. Elli- og/eða 75% örorkulífeyrisþegi hefur heimild til að leggja fram tekjuvottorð vegna tekna næstliðins árs, og breytast þá tekjuforsendur skv. ofangreindu tekjuviðmiði
2. Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur.
3. Ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða, ræður aldur þess sem fyrr verður 67 ára án tillits til þess hvort þeirra er skráð fyrir eigninni.
4. Við andlát maka styrki sveitarsjóður eftirlifandi um sömu upphæð og nemur álögðum fasteignaskatti ársins.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá leikskóla í Húnaþingi vestra.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá Tónlistarskóla Húnaþings vestra.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir íþróttamiðstöð Húnaþings vestra.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir Hirðu móttöku- og flokkunarstöð Húnaþings vestra.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá annarra þjónustustofnana aðalsjóðs og þjónustumiðstöðvar.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir Hafnarsjóð Húnaþings vestra.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá Hitaveitu Húnaþings vestra.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram tillaga um að upphæð frístundakorts fyrir börn á aldrinum 6-18 ára verði kr. 17.000 á árinu 2016.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

8. Skýrsla sveitarstjóra

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl.16:25

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Elín R. Líndal

Valdimar Gunnlaugsson.

Gunnar Þorgeirsson

Guðrún Ragnarsdóttir
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri